



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Áfram heldur skólastarfið og nú erum við komin fram á miðja önn. **Miðannarmatið verður birt í INNU í lok vikunnar**, nánar tiltekið föstudaginn 4. mars klukkan 16:00. Þið smellið á **Námið – Einkunnir** og þar neðst sjáið þið flipann **Miðannarmat**. Við biðjum nemendur og foreldra/forráðamenn um að kynna sér það mjög vel, enda segir miðannarmatið til um námsstöðuna í hverjum áfanga fyrir sig. Fjarvistayfirlit verður síðan sent öllum nemendum í framhaldinu.

Það er ýmislegt á döfinni í skólastarfinu. **Í dag fer FG-Flensborgardagurinn** fram og fellur öll kennsla niður eftir hádegi. Keppt verður í sjö greinum í Strandgötu og stefnum við auðvitað á að vinna þær allar – áfram Flensborg! 😊 Opið verður þó í dag í **raungreinaverinu, í stofu H202 frá klukkan 15:50 – 16:50**, og hvetjum við alla þá sem vantar aðstoð í stærðfræði eða raungreinum til að nýta sér þessa ókeypis aðstoð við heimanámið. Þá hefst **sala á heitum mat fyrir nemendur í hádeginu á morgun, miðvikudaginn 2. mars**.

Valvikan fer af stað **mánudaginn 14. mars** og minnum við á mikilvægi þess að velja fyrir næstu önn. Þannig, og aðeins þannig, tryggjið þið áframhaldandi skólavist við skólann. **Árshátíð nemenda fer fram miðvikudaginn 16. mars** og má búast við fjöri í Flensborg í aðdraganda hennar, en einnig verður nemendum boðið upp á fróðleik og fræðslu. Fróðleikur og fjör – þannig viljum við hafa það hér í Flensborg!

Eins og þið vitið þá er nú búið að leggja **allar takmarkanir af** vegna COVID-19 og **grímuskyldan** því ekki lengur til staðar. Áfram skulum við þó gæta að sóttvörnum og vil ég hvetja nemendur okkar til þess að fara varlega, vera með grímu ef þarf eða vera heima ef einkenna gætir. Athugið að **ekki þarf lengur að skila inn sérstökum COVID-veikindatilkynningum** (staðfesting frá Heilsuveru), nú tilkynna nemendur og/eða foreldrar um veikindi í INNU, líkt og áður fyrr.

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594



